

Samstarfssamningur **samgönguráðuneytisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar**

Inngangur

- Samgönguráðuneytið, kt. 550269 – 1639, Hafnarhúsi, 150 Reykjavík, f.h. ríkisins og Slysavarnafélagið Landsbjörg, kt. 560499 – 2139, Stangarhyl 1, 110 Reykjavík gera með sér eftirfarandi samning um samstarf sitt og samskipti.
- Meginmarkmið samningsins er að stuðla að bættu öryggi íslenskra skipa og þeirra er sjómennsku stunda með því að tengja saman með þessum hætti afl og kunnáttu félagsins og hina stjórnskipulegu ábyrgð og markmiðssetningu ráðuneytisins.
- Þessu hyggjast aðilar ná fram með formfestingu réttinda og skyldna innan einstakra samstarfssviða svo sem leiðir af lögum og reglum, sjá hér aðallega 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins nr. 88/1999 og reglugerð nr. 262/1999 um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs.

Samstarfssvið

1. Slysavarnaskóli sjómanna.

- Um Slysavarnaskóla sjómanna er fjallað í lögum nr. 33, 19. mars 1991.
- Þar segir í 1. gr. að Slysavarnafélag Íslands skuli starfrækja slíkan skóla og fara með yfirstjórnina enda starfi hann á vegum félagsins og ábyrgð. Í 5. gr. sömu laga segir að kostnaður við rekstur skólans skuli greiddur úr ríkissjóði og að félagið geri fjárhagsáætlun sem lögð sé fyrir samgönguráðuneytið til staðfestingar.
- Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur frá og með 2. október 1999 tekið við réttindum og skyldum Slysavarnafélags Íslands samkvæmt lögum þessum.
- Samgönguráðuneytið og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafa gert með sér þjónustusamning, dags. 25. maí 2001, um starfsemi skólans og vísast til hans um nánari lýsingu á verkefninu

2. Tilkynningarskylda íslenskra skipa.

- Um tilkynningarskyldu íslenskra skipa fer nú samkvæmt lögum nr. 40, 13. maí 1977, sbr. lög nr. 39/1999 og 73/2000, en einnig er fjallað um hana í reglugerð um tilkynningarskyldu íslenskra skipa nr. 220, 22. febrúar 2001.
- Samkvæmt 8. gr. laganna fer Slysavarnafélag Íslands með yfirstjórn tilkynningarskyldu íslenskra skipa og rekstur eftirlitsmiðstöðvar í Reykjavík.
- Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur frá og með 2. október 1999 tekið við réttindum og skyldum Slysavarnafélags Íslands samkvæmt lögum þessum.
- Samgönguráðuneytið og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafa gert með sér þjónustusamning, dags. 25. maí 2001, um tilkynningarskylduna og starfsemi eftirlitsmiðstöðvarinnar og vísast til hans um nánari lýsingu á verkefninu

3. Þjálfunar- og fræðslumiðstöð.

- Með samningi frá 21. maí 1998 milli fjármálaráðuneytis, samgönguráðuneytis, utanríkisráðuneytis, Slysavarnafélags Íslands, Landssíma Íslands, Landsbjargar og Ríkisútvarpsins var ákveðið að Slysavarnafélagið og Landsbjörg skyldu koma á fót þjálfunar- og fræðslumiðstöð að Gufuskálum til reynslu í fimm ár.
- Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur frá og með 2. október 1999 tekið við réttindum og skyldum Slysavarnafélags Íslands samkvæmt samningi þessum.
- Samkvæmt 2. gr. samningsins fer samgönguráðuneytið með framkvæmd fjárveitinga Alþingis til verkefnisins, en grundvöllur rekstrarins er samþykkt Alþingis um fjárstuðning í fimm ár frá upphafi árs 1998 að telja.
- Málefni þjálfunar- og fræðslumiðstöðvarinnar eins og þau snúa að stjórnvöldum er annars nánar lýst í ofangreindu samkomulagi.
- Samgönguráðuneytið og Slysavarnafélagið Landsbjörg munu leita eftir því að ákveðið verði fyrir 1. janúar 2002 hvort stefna skuli að endurnýjun samningsins.

4. Rekstur björgunarbáta.

- Slysavarnafélag Íslands fékk undanfarin ár, síðast árið 2000, styrk til reksturs björgunarbáta og var hann hluti af heildarfjárveitingu til félagsins.
- Slysavarnafélagið Landsbjörg, sem hefur tekið við réttindum og skyldum Slysavarnafélags Íslands frá og með 2. október 1999 fékk sams konar styrk í fjárlögum ársins 2001.

- Samgönguráðuneytið og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafa gert með sér þjónustusamning, dags. 25. maí 2001, um útgerð björgunar-bátanna og vísast til hans um nánari lýsingu á verkefnum.

5. Annað.

- Líkt og undanfarin ár er á gildandi fjárlögum gert ráð fyrir stuðningi samgönguráðuneytisins við starfsemi slysavarnafélagsins. Hann er að hluta til styrkur vegna björgunarbáta, en nú gildir um það efni sérstakt samkomulag, sbr. 4. tl. hér að framan.
- Með hliðsjón af ofanrituðu og að teknu tilliti til viðbótarframlags er nú gert ráð fyrir að verja 29,7 mkr. í þessu skyni, sem skiptist þannig :
 1. Vegna ábyrgðar á lífeyrisskuldbindingum Slysavarna-skóla sjómanna og Tilkynningarskyldunnar : 0,7 mkr.
 2. Vegna verkefna við framkvæmd á þingsályktun um öryggismál sjómanna svo sem nánar leiðir af samkomulagi Siglingastofnunar og Landsbjargar : 5 mkr.
 3. Vegna sjóbjörgunarsveita, slysavarnaskýla, almennra björgunarsveita, öryggis í umferð, reksturs snjóþjófleiða og vélsleða : ósundurliðað 24,0 mkr.
- Framhald þessarar fjárveitingar sem og fjárhæð er viðfangsefni stjórnar Slysavarnafélagsins Landsbjargar og samgönguráðuneytisins við undirbúning fjárlaga ár hvert.

Endurskoðunarákvæði

- Telji samningsaðili að forsendur samningsins hafi breyst getur hann farið fram á viðræður um endurskoðun hans í heild sinni eða einstaka ákvæðum hans.
- Tilkynningu um slíka viðræðu skal komið til gagnaðila með þriggja mánaða fyrirvara.

Samningstími

- Samningur þessi er til fjögurra ára frá gildistöku hans 1. janúar 2001.
- Samningsaðilar ákveða sameiginlega fyrir 1. janúar 2003 hvort stefna skuli að endurnýjun samningsins.
- Aðilar geta sagt upp samningnum með 1 árs fyrirvara miðað við áramót.

Frumrit samnings

- Af samningi þessum skulu gerð fjögur samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins.
- Eitt eintak skal vera í vörslu samgönguráðuneytisins, annað í vörslu Landsbjargar, hið þriðja í vörslu fjármálaráðuneytisins, en það fjórða skal vera í vörslu Siglingastofnunar Íslands.

Fylgiskjöl

- Með samningi þessum eru eftirtalin fylgiskjöl og teljast þau hlutar hans:
 1. Þjónustusamningur um Slysavarnaskóla sjómanna frá 25. maí 2001.
 2. Þjónustusamningur um Tilkynningarskyldu íslenskra skipa frá 25. maí 2001.
 3. Samkomulag um aðstöðu fyrir þjálfunar- og fræðslubúðir að Gufuskálum á Snæfellsnesi frá 21. maí 1998.
 4. Þjónustusamningur um rekstur björgunarbáta frá 25. maí 2001.

Gert á Akureyri, 25. maí 2001

F. h. samgönguráðuneytisins

F. h. Slysavarnafélagsins Landsbjargar